

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
b/t Ástu Einarsdóttur
Skúlagötu 4
150. Reykjavík.

Dalvíkurbyggð 19. desember 2018
Nr. erindis 201810001 GPJ

Efni: Úthlutun byggðakvóta – tillaga um sérreglur Dalvíkurbyggðar.

Eftirfarandi varðar tillögu sveitarstjórnar Dalvíkurbyggðar til ráðuneytisins um að sett verði sérstök skilyrði varðandi úthlutun byggðakvóta sveitarfélagsins eða einstakra byggðalaga með rökstuðningi.

Á 39. fundi Atvinnumála- og kynningaráðs þann 5. desember 2018 var eftirfarandi bókað og samþykkt:

Undir þessum lið kom á fund Katrín Sigurjónsdóttir, sveitarstjóri, kl. 8.15.

Á 888. fundi byggðaráðs þann 29.11.2018 var eftirfarandi bókað:

"Guðmundur St. Jónsson vék af fundi undir þessum lið kl. 09:10 vegna vanhæfis og tók ekki þátt í umfjöllun og afgreiðslu. Tekið fyrir bréf frá Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytinu, dagsett þann 23. nóvember 2018, þar sem vísað er til umsóknar sveitarfélagsins um úthlutun byggðakvóta fiskveiðiársins 2018/2019. Niðurstaða úthlutunar er eftirfarandi: Hauganes 19 þorskígildistönn Árskógssandur 240 þorskígildistönn. Athygli bæjar- og sveitarstjórnar er vakin á því að engar efnislegar breytingar hafa verið gerðar frá reglugerð síðasta fiskveiðiárs, aðrar en magntölur og dagsetningar hafa breyst. Engar efnislegar breytingar hafa verið gerðar á reglugerð um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa aðrar en dagsetningar hafa breyst. Vilji sveitarstjórn leggja til við ráðuneytið að sett verði sérstök skilyrði varðandi úthlutun byggðakvóta sveitarfélagsins eða einstakra byggðarlaga skal hún skila rökstuddum tillögum sínum til ráðuneytisins eigi síðar en 21. desember 2018. Til umræðu ofangreint.

Byggðaráð samþykkir samhljóða með 2 atkvæðum að vísa ofangreindu til atvinnumála- og kynningaráðs, Guðmundur St. Jónsson tekur ekki þátt í atkvæðagreiðslu vegna vanhæfis."

Til umfjöllunar ofangreint og hvort leggja eigi til að gerð verði sérstök skilyrði varðandi úthlutun byggðakvóta sveitarfélagsins eða einstakra byggðarlaga.

Tryggvi Kristjánsson kom inn á fundinn undir þessum lið kl. 8:52.

Katrín vék af fundi kl. 8:52.

Eftir að hafa farið yfir málið eru niðurstöður atvinnumála- og kynningarráðs um tillögur Dalvíkurbyggðar um breytingar á reglugerð nr. 685/2018 um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðíárinu 2018/2019 eftirfarandi:

1. Viðmiðanir um úthlutun aflamarks.

4. gr. breytist þannig að í stað þess að miðað sé við landaðan afla innan viðkomandi byggðarlags á tímabilinu 1. sep. 2017 til 31. ágúst 2018 verði miðað við landaðan afla innan sveitarfélags á sama tímabili.

Rökstuðningur:

Þessi ósk um breytingu á reglugerðinni byggir á því að bátar skráðir í byggðarlögum Dalvíkurbyggðar hafa þurft að landa afla til vinnslu í sveitarféluginu til að uppfylla ákvæði um úthlutun byggðakvóta. Í einhverjum tilfellum hafa bátar landað þeim afla í því byggðarlagi þar sem vinnslan er, þó þeir séu ekki þar skráðir. Ekki er talið rétt að það vinni síðan gegn aðilum þegar kemur að úthlutun á byggðakvóta að nýju.

2. Annað viðmið um úthlutun.

Auk þeirrar breytingar sem fram kemur hér að ofan um 4. gr. breytist reglugerðin einnig þannig:

30% af úthlutuðum byggðakvóta skiptist jafnt á alla þá báta úr viðkomandi byggðarlagi sem sækja byggðakvóta og uppfylla að öðru leyti ákvæði 1. gr.

Ef einhver óskar eftir tilteknu magni kvóta, sem er minna en hann á rétt á samkvæmt þessu ákvæði, þá skiptast eftirstöðvar þess hluta byggðakvótans jafnt á milli hinna umsækjendanna.

70% af því sem eftir stendur að þeirri úthlutun lokinni verði síðan úthlutað miðað við landaðan afla í sveitarféluginu, þó ekki hærra en 35% af kvótaúthlutun miðað við landaðan afla hvers báts.

Rökstuðningur:

Rökin fyrir þessari breytingu eru einkum þau að löndunarreynsla báta í Dalvíkurbyggð er mjög mismunandi, m.a. vegna þess að að jafnaði hefur ekki komið byggðakvóti til Dalvíkur. Það þótti því rétt, að þessu sinni, að reyna að tryggja það að allir þeir sem sækja um byggðakvóta fái eitthvað í sinn hlut þó niðurstaðan verði síðu að þeir sem eru með mestu löndunarreynslu fái meira á grundvelli þess.

3. Vinnsluskylda í sveitarfélagi.

Upphaf 6. gr. reglugerðar nr.685/2018 breytist og verður: Fiskiskipum er skylt að landa þeim afla sem telja á til byggðakvóta til vinnslu innan sveitafélagsins (í stað byggðarlaga). . . o.s.frv.

Rökstuðningur:

Þessi ósk um breytingu er sama efnis og undanfarin ár, þ.e. að í stað þess að fiskiskipum í Dalvíkurbyggð sé skylt að landa afla til vinnslu í því byggðarlagi sem þau eru skráð, þá sé þeim skylt að landa þessum afla til vinnslu í sveitarfélagini. Þetta er vegna þess að ekki er fiskvinnsla í öllum byggðarlögum sveitafélagsins þó þar sé úthlutað byggðakvóta og er til þess að byggðakvótinn nýtist sem best til að efla atvinnu í sveitarfélagini.

4. Undanþága frá tvöföldunarskyldu.

Óskað er undanþágu frá tvöföldunarskyldunni, samkvæmt 6.grein reglugerðar, fyrir þau 30% sem úthlutað er jafnt samkvæmt 2. lið og 2. mgr. hér að ofan.

Rökstuðningur:

Þetta ákvæði er sett inn til að koma til móts við kvótalitlar útgerðir og til að efla nýliðun í greininni.

5. Jöfn skipti verði heimil.

Næsta ákvæði 6. gr. um skriflegan samning við fiskkaupanda um magn sem landað verður hjá viðkomandi vinnsluaðila, þar sem fram komi að vinnsluaðili skuldbindi sig til að vinna aflann, með áritun bæjar- eða sveitarstjórnar, breytist þannig að eftir þá setningu komi ný setning svohljóðandi: Þó eru vinnsluaðila heimil jöfn skipti á tegundum við annan vinnsluaðila og komi þá slik fyrirætlan fram í þeim samningi sem eigandi fiskisksips gerir við fiskkaupanda.

Rökstuðningur:

Þetta ákvæði hefur verið til umfjöllunar í atvinnumála- og kynningarráði. Fiskvinnslum hefur fækkað undanfarin ár. Eftir standa sérhæfðari fiskvinnslur og vinnsla Samherja sem er bundin stærðartakmörkunum og tegundatakmörkunum. Einnig smávinnsla á Hauganesi sem hefur takmarkaða vinnslu. Nefndarmenn sjá fyrir sér mikil tormerkni á að vinnsla geti í öllum tilfellum tekið við blönduðum byggðakvótafla án þess að eiga þess kost að skipta á tegundum við annan vinnsluaðila. Ekki hvað síst á þetta við um litlar vinnslur sem hafa sérhæft sig. Jöfn skipti hljóta því að stuðla að því að auðveldara verði að halda úti vinnslu í byggðarluginu í stað þess að útgerðir þurfi að horfa til þess að selja aflann á fiskmarkaði sem væri þá eina leiðin til að losna við aflann ef jöfn skipti verða ekki leyfð.



Atvinnumála- og kynningarráð samþykkir ofangreint samhljóða með 5 atkvæðum.

Atvinnumála- og kynningarráð samþykkir samhljóða með 5 atkvæðum að fela sveitarstjóra að óska eftir aðgengi að upplýsingum um úthlutun byggðakvóta og nýtingu.

Á 308. fundi sveitarstjórnar þann 18. desember 2018 var eftirfarandi bókað og samþykkt:

Til málს tók:

Guðmundur St. Jónsson sem gerði grein fyrir vanhæfi sínu við umfjöllun og afgreiðslu á þessum lið og vék af fundi kl. 16:21.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða með 6 atkvæðum ofangreinda tillögu Atvinnumála- og kynningarráðs að sérreglum Dalvíkurbyggðar hvað varðar úthlutun byggðakvóta, Guðmundur St. Jónsson tekur ekki þátt í atkvæðagreiðslu vegna vanhæfis.

Ofangreind afgreiðsla sveitarstjórnar Dalvíkurbyggðar tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,

f.h. sveitarstjórnar Dalvíkurbyggðar

Katrín Sigurjónsdóttir, sveitarstjóri